

FATNAÐUR

Þar sem dagarnir eru jafn misjafnir og þeir eru margir og kennslustundirnar innihalda útvíst í öllum veðrum, sull og sköpunarleiki svo fátt eitt sé nefnt þarf að huga að því að **börnin séu alltaf með nóg af auka fatnaði** ef á þarf að halda.

Í leikskólanum vinnum við með ýmis efni. s.s. liti, lím og málningu sem geta farið í fót barnanna. Takið tillit til þess.

Við bendum á að aukahlutir eins og skartgripir, belti o.p.h. á ekki heima í leikskólanum.

Það er mjög misjafnt eftir börnum hversu mikið þarf að nota aukafötin en gott er að miða við að hafa a.m.k. þrjú sett fyrir þau yngri og tvö fyrir eldri.

Foreldrar bera ábyrgð á að alltaf sé nóg af fötum í aukafataboxinu.

Í aukafataboxinu þarf að vera:

- 3 nærbuxur
- 2-3 nær-/stuttermabolir
- 3 sokkapör
- 2 buxur
- 2 langermabolir/peysur
- Fjölnota poki fyrir blaut föt

